



Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Arngrímsgata 3, 107 Reykjavík

## Leiðbeiningar um skylduskil á rafbókum

### Efni útgefið á rafrænu formi

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn hefur umsjón með skylduskilum samkvæmt lögum um skylduskil til safna<sup>1</sup> og sér um varðveislu á útgefnu íslensku efni. Auk prentaðs máls og hljóðrita, ná lög þessi yfir aðra miðla, þar á meðal verk útgefin á rafrænu formi og á almennu tölvuneti. Eftirfarandi eru þær meginreglur sem gilda um viðtöku efnis á rafrænu formi:

#### **Útgefið efni á rafrænu formi.**

Útgefið efni er skilaskyld til Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns. Afhending fer fram í gegnum vefgátt safnsins, Rafræn skil: <http://skil.landsbokasafn.is/is/upload>

Vefgáttin tekur við allt að 500MB í einu skjali.

Jafnframt er hægt að senda rafrænt efni á netfangið: [rafhladan@landsbokasafn.is](mailto:rafhladan@landsbokasafn.is)

Sending sem er stærri en 60MB skal fara um vefgáttina.

Með sendingu skulu fylgja upplýsingar um hvernig háttá eigi aðgengi að efninu, hvort það eigi að vera í opnum eða lokuðum aðgangi um óákveðinn tíma. Best er að fá efni á ePub sniði og/eða PDF. Fjarlægja þarf DRM réttindastjórnun (Digital Rights Management) af rafbókum svo hægt sé að skrá þær. Einnig á því efni sem mun vera í lokuðum aðgangi.

Rafrænt efni er skráð og varðveitt í Rafhlöðunni,<sup>2</sup> sem er rafrænt varðveislusafn, og þar er hægt að stjórna aðgengi eftir vilja réttshafa. Rafbækur verða einnig skráðar í Gegni.

#### **Útgefið efni, prentað sem og rafrænt.**

Ef efni er gefið út bæði á prentuðu formi sem og rafrænu þá er skilaskylda á hvoru tveggja skv. lögum um skylduskil. Eins er skilaskylda á mismunandi útgáfum, nýjum eða breyttum. Prentsmiðjur og fjölföldunarstofur bera ábyrgð á skilum á prentuðu efni, en útgefandi/framleiðandi ber ábyrgð á rafrænum skilum.<sup>3</sup>

Virðingarfyllst, starfsfólk skylduskila Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, maí 2012

<sup>1</sup> Lög nr. 20/2002 – lög um skylduskil til safna. Einnig reglugerð um skylduskil til safna nr. 982/2003.

<sup>2</sup> Sjá Rafhláðan, varðveislusafn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns: <http://rafhladan.is/>

<sup>3</sup> Nánari upplýsingar um skylduskil: <http://landsbokasafn.is/index.php/markhopatenglar/utgefendur/skylduskil>